

Föstudaginn 18. maí 1945.

Nr. 54/1944. **Leifur Böðvarsson** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn

Árna Sigurðssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um uppsagnarfrest á ráðningarsamningi stýrimanns á skipi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. apríl f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 700 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Leifur Böðvarsson, greiði stefnda, Árna Sigurðssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bjarþings Reykjavíkur 6. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., er höfðað fyrir bjarþinginu með stefnu útgefinni 26. f. m. af Árna Sigurðssyni stýrimanni, Akranesi, gegn Leifi Böðvarssyni útgerðarmanni, Hóla-vallagötu 5 hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1874.60 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. maí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati dómarans.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Mánaðarkaup fyrir nóvember 1942 að viðbætti dýrtiðaruppbót samkvæmt visitölu 260 kr. 1224.60
Fæði fyrir sama tíma — 350.00
2. Bætur fyrir fatnað hans og Vigdísar dóttur hans, er brann í v/s Fagranesi vorið 1942 — 300.00

Samtals kr. 1874.60

Um 1. Málavextir eru þeir, að stefnandi var um alllangt skeið stýrimaður á v/s Fagranesi, sem var eign stefnda, en skip þetta var lengi í flutningum milli Reykjavíkur og Akraness. Kaup fékk stefnandi greitt samkvæmt samningi, dags. 10. janúar 1942, og voru launin ákveðin kr. 471.00 á mánuði að viðbætti dýrtiðaruppbót samkvæmt verðlagsvisitölu hvers tíma svo og ókeypis fæði. Mánuðina janúar til maí 1942 greiddi stefndur stefnanda kaup samkvæmt þessu, mánuðina júní og júlí greiddi hann honum kr. 1000.00 á mánuði, en mánuðina ágúst, september og október greiddi hann kr. 1300.00 á mánuði. Þann 1. nóvember 1942 var stefnandi skráður fyrirvaralaust úr skiprúmi á Akranesi, og áskildi hann sér þá uppsagnarfrest samkvæmt lögum. Stefndur hafði um þetta leyti selt skipið til Ísafjarðar, og veittu hinir nýju eigendur skipinu móttöku þann 1. eða 2. nóv. 1942. Stefnandi vann við skipið fyrir hina nýju eigendur, meðan það var í viðgerð hér, eða næstu þrjá daga. Nýju skipseigendurnir virðast hafa farið þess á leit við stefnanda, að hann sigldi með skipið vestur sem skipstjóri eða stýrimaður, en hann mun hafa færzt undan því.

Kröfur sínar samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á því, að stefndur hafi ekki sagt sér upp starfanum með mánaðar fyrirvara, sem honum hafi þó borið samkvæmt 13. gr. sjómannalaganna nr. 41 frá 1930, heldur látið skrá sig úr skiprúmi fyrirvaralaust. Beri honum því að greiða sér eins mánaðar kaup, eða kr. 1224.60 að viðbættu fé fyrir fæði, kr. 350.00.

Sýknukröfu sína byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að hann hafi sagt stefnanda upp starfanum með nægilegum fyrirvara. Skýrir hann svo frá, að þann 16. september 1942 hafi hann tilkynnt allri skipshöfninni sölu skipsins og að afhending myndi fara fram í októberlok s. á., er áætlun þess gengi úr gildi, og hafi um leið sagt skipshöfninni upp starfanum frá 1. nóv. að telja. Þá hefur stefndur bent á, að frá sölu skipsins hafi verið sagt bæði í blöðum og útvarpi, og hljóti hún því að hafa verið stefnanda kunn. Stefnandi hefur algerlega mótmælt því, að nokkur uppsögn hafi átt sér stað eða að honum hafi verið kunnugt um fyrirhugaða sölu, og gegn þeim mótmælum hans hefur stefndur ekki fært

þær sönnur fyrir þessum staðhæfingum sínum, að þær geti orðið teknar til greina.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni af því að vera skráður úr skip-rúmi, þar sem hann sumpart hafi haft vinnu eða staðið til boða næg vinna allan nóvembermánuð, þannig hafi hann unnið við skipið hér í þrjá daga og fengið greiddar fyrir það kr. 120.00, en honum hafi einnig staðið til boða 12 daga vinna við skipið hér og síðan að sigla því til Ísafjarðar sem skipstjóri eða stýrimaður.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa unnið 3 daga hér við skipið hjá hinum nýju eigendum þess, og hafi honum verið greiddar fyrir það kr. 120.00. Hins vegar hefur hann neitað því, að sér hafi verið boðin frekari vinna við það hér, en aftur á móti hafi verið á það minnst, hvort hann vildi ekki fara með skipið vestur. Þá segir stefnandi, að lítið hafi verið um vinnu um þessar mundir á Akranesi, og hafi hann því verið atvinnulaus til 10. janúar 1943.

Það er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að honum hafi staðið til boða frekari vinna við skipið hér. Þá þykir honum ekki verða gefið að sök, þó að hann neitaði að fara með skipið til Ísa-fjarðar, þar sem það var ekki sambærileg vinna við þá, sem hann hafði haft, enda hafði í för með sér fjarvistir frá heimilisstað hans. Hins vegar þykir rétt að draga frá kröfu stefnanda þær kr. 120.00, er hann vann sér inn við skipið hér.

Með tilliti til þessa, og þar sem stefndur hefur ekki getað sann-að, að stefnandi hafi á þessu tímabili átt kost á annarri vinnu við sitt hæfi, verður sýknukrafa stefnds ekki byggð á þessu, enda get-ur 40. gr. sjómannalaganna, sem stefndur hefur vitnað í, ekki talizt skipta hér máli.

Í þriðja lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að stefn-andi hafi í raun rétttri fengið greitt kaup fyrir nóvembermánuð, þar sem honum áður á árinu hafi verið greitt kaup frekar en samn-ingar stóðu til, þannig að eiginlega eigi stefndur fé inni hjá stefn-anda af þessum sökum.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að stefndur hafi sjálfur boðið sér þessa kauphækkun, er hann greiddi honum kaupið þann 1. sept. 1942, enda hafi þá verið búið að hækka kaup annarra skipverja, og kveðst stefnandi hafa tekið þessu boði. Sam-kvæmt framlögðum útdrætti úr kaupgjaldsbók stefnds hefur hann greitt stefnanda reglulega mánaðarkaup hans þann síðasta hvers mánaðar, og hefur stefnandi kvittað fyrir það, og hið sama átti sér stað þann 31. okt. 1942, daginn áður en stefnandi var afskráð-ur. Með tilliti til þessa og framlagðs vottorðs annarra skipverja um kauphækkun þeirra verður að telja, að hér hafi verið um raun-verulega kaupgreiðslu að ræða fyrir hvern mánuð, þannig að fé það, er stefnandi fékk greitt um hver mánaðamót, hafi aðeins

verið laun fyrir þann mánuð, er þau voru greidd, en ekki hafi verið um fyrirframgreiðslu að ræða. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefndan til að greiða stefnanda þenna kröfulið með kr. 1454.60 (1224.60 + 350.00 ÷ 120.00).

Um 2. Gegn mótmælum stefnds verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina, þar sem ekki eru færð gögn fyrir honum af hálfu stefnanda.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1454.60 með 5% ársvöxtum frá 3. maí 1943, en þann dag var mál út af þessum skiptum aðiljanna upphaflega höfðað.

Þá þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda kr. 275.00 í málskostnað.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Leifur Böðvarsson, greiði stefnandanum, Árna Sigurðssyni, kr. 1454.60 með 5% ársvöxtum frá 3. maí 1943 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. maí 1945.

Nr. 157/1944. **Anna Einarsson** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Sútunarverksmiðjunni h/f og gagnsök

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason
og hrl. Theódór B. Líndal í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.

Um uppsögn á samningi um húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1944, krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og sér dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 9.